



Efnileg listakona

Undanfarið hefir „Haustsýning listamanna“ staðið yfir í Danmörku, en þar sýnir fjöldi listamanna í ýmsum greinum úrvalsverk.

Á sýningunni hafa m. a. verið verk eftir two Íslendinga, listakonurnar Júliönu Sveinsdóttur og Ólöfu Pálsdóttur. Júliana er löngu þekkt, en Ólöf hefir stundað nám í högg myndalist við Listaháskólann í Höfn undanfarin ár. Hefir hún einnig farið námsferðir til Frakklands, Ítalíu og Spánar.

Ólöf er dóttir Hildar Stefánsdóttur og Páls Ólafssonar ræðismanns Íslands í Færejum. Ólöf er talin mjög efnileg listakona og hafa helztu blöð i Danmörku farið lofsamlegum orðum um hina ungu list hennar, en Danir teljast sem kunnugt er meðal hinna ströngustu gagnrýndara. Opinberlega vakti Ólöf fyrst athygli listagagnrýndara, er hún sýndi verk eftir sig á sýningu í Charlottenborg.

Politiken taldi það þroskað asta verkið á allri sýningunni, fagurt fyrir mjúkar línum og látlausa túlkun formsins.

Berlingske Tidende nefndi líka sérstaklega verk Ólafar og í viðtali, sem blaðið átti við listakonuna, segir greinarhöfundur, að menn hafi einkum tekið eftir myndhöggvaranum Ólöfu Pálsdóttur, sem sýndi óvenjumikinn þroska og kunnáttu af svo tungum listamanni að vera.

Að þessu sinni sýndi Ólöf tvö verk eftir sig á ofan-nefndri „Haustsýningu“, en þau voru valin ásamt 30 öðrum úr nærrí þrjú hundruð myndhöggvaraverkum, er bár ust dómnefnd víðs vegar að. Blaðið Nationaltidende birti mynd af öðru listaverki Ólafar og hlaut það beztu dóma af öllum verkum myndhöggvara á þessari sýningu.

Gagnrýnandi gat um skyldleika við list A. Noacks, sem er þekktur myndhöggvari, en segir jafnframt, að sjálfstæð, hljóðlát og djúp hugsun birt ist í þessu verki, sem túlki persónuleika listamannsins.

Politiken vakti einnig nú athygli á umræddu listaverki og birti teikningu af listakonunni sjálfri eftir aðalteiknara blaðsins.

Það er sannarlega ástæða til að fagna framgangi þessarar upprennandi íslenzku listakonu og óska henni framtíðar gæfu og gengis á hinni erfiðu braut listarinnar.